



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

Alþingi
Erindi nr. þ 136/620
komudagur 18.12.2008

Borgarnesi, 15. desember 2008.

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um þjóðlendur.

25. mál sönnunarregla.

Stórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi tók fyrir á síðasta stjórnarfundum frumvarp til laga um þjóðlendur.

Umsögn stjórnar SSV hljóðar svo:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi tekur undir þá meginhugsun sem fram kemur í frumvarpinu að ekki verði gerðar kröfur í þinglýst eignarlönd.

Fyrsta málsgreinin telst nokkuð altæk og leggur stjórnin til að fellt verði út, **hins þinglýsta eiganda** í lok fyrstu setningarinnar. Því standi setningin eftir svona: „Land innan þinglýstra landamerkjja jarðar telst allt háð beinum eignarrétti.

Rökstuðningur:

Sú sönnunarbyrði sem lögð er á landeigendur og þeir geta engan veginn risið undir byggir á niðurstöðum dómstóla og er andstæð þeirri hugsun sem löggjafinn lagði með frumvarpinu og óbyggðanefnd byggir á í almennum niðurstöðum sínum mál 1-7 /2000. Ljóst er að það eru ekki lögin um þjóðlendur sem slík heldur framkvæmd þeirra sem leitt hefur til þeirrar ósanngirni og yfiringangs sem landeigendur hafa mátt þola hafi þeir ekki getað framvísað skriflegum eignarheimildum fyrir löndum sem krafa er gerð í og talin hafa verið eignarlönd hingað til. Því má segja að dómstólar hafi gjörbreytt því réttarástandi sem var fyrir gildistöku laganna með framkvæmd þeirra.

Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta lögnum í þá veru sem að framan greinir

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

Arþur Þ. Þórnadóttir